

1866.

1. marz.

**29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar,  
um aðkaupsgjald af skipum og skipaskjöl.**

Í bréfi dagsettu 23. f. m. hefir utanríkisstjórnin beiðt álits dómsmálastjórnarinnar útaf fyrirspurn frá aðalverzlunarfulltrúa Danakonungs í Leith, um hvernig hann eigi að fara að, þar sem Roys skipstjóri frá Nýju-Jórvík vili koma 4 nýjum járngufuskipum, sem hann á og ætlar að hafa til fiskiveiða við Ísland, og sem liggja 2 í Dundee og 2 í Glasgow, undir danskt flagg, en sækir um að losast hjá að greiða aðkaupsgjald af þeim, og hefir hann auk þess beið þess aðalverzlunarfulltrúann um, að láta sig fá skjöl til bráðabirgða handa skipunum, svo að þau geti siglt til Íslands með dönsku flaggi og fengið þar skjöl þau, sem fyrir skipað er um í lögum; eiga skipstjórnarnir á þeim að vera danskir og helmingur skipshafnanna danskir þegnar.

Þessu svarar dómsmálastjórnin þannig, að með því að álitid er, að tilskipunin um tollinn frá 1. maímán. 1838 sé enn þá gildandi á Íslandi, að því er snertir aðkaupsgjaldið, verður að heimta aðkaupsgjald af skipum þessum eptir tilskipuninni, nema því að eins, að þau verði heimfærð undir ákvörðunina í 49. gr. litra d í tilskipuninni (að þau verði heimfærð undir litra c getur varla verið umtalsmál eins og hér er ástatt), og að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti ekki heldur, að neitt sé því til fyrirstöðu, að hlutadeigandi verzlunarfulltrúi Danakonungs láti skipin fá skýrteini til bráðabirgða, er gildi þangað til skipin eru komin til Íslands og gefin verða út handa þeim skjöl þau, er lögin skipa fyrir um.

6. marz.

**30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar,  
um sölu á frakkneskri fiskiskútu í Suðurmúlasýslu.**

Útaf bréfum dómsmálastjórnarinnar 6. októbermán. 1863, 6. júlímán. og 3. októbermán. 1864 og 2. júnímán. f. á. um sölu á fiskiskútunni l'Eugéne frá Dunkerque, sem strandaði nálægt Nesi í Norðfirði á Íslandi, hefir utanríkisstjórnin með bréfi